Kornið naut þessa góða sumars. Þann 27. ágúst stóðu kornakrar Skagfirðinga allir bleikir og harðþroska, en skurður ekki hafinn. Svo var og víðar um land, en vélar þá enn ógangsettar. Haustið varð korninu erfitt. Haustið byrjaði á höfuðdaginn, 29. ágúst, með stórrigningu og hvassviðri um allan vesturhelming landsins. Þá fór glansinn af mörgum kornakrinum. Annað veður, miklu verra, gerði aðfaranótt 17. september. Þá varð fárviðri víða og úrkoma óheyrileg sunnanlands. Mönnum ber saman um, að haustveður af því tagi geri ekki oftast en fimmta hvert ár. Í þessum veðrum varð töluvert tjón á korni, en tölur um það liggja ekki fyrir.

Kornskurðurinn gekk nokkuð vel norðanlands, en miklu miður syðra, því að þar var rigningatið lengstum frá höfuðdegi. Kornskurði lauk þar eða var hætt laust eftir veturnætur. Ljóst er, að óhentugt veðurfar á skurðartíma dró mjög úr afrakstri þessa hlýja sumars.

Korntilraunir ársins snerust að mestu um prófun á íslenskum kynbótalinum. Vegna erfiðs tíðarfars sumurinn 2005 og 2006 hafði safnast upp nokkuð af óprófuðum efniviði. Sumarið 2007 tókst svo að rækta viðunandi sáðkorn af öllum þeim línunum, sem fyrir lágu og biðu prófunar. Vorið 2008 var lagt upp með allan þann efnivið, sem til var. Það reyndust vera 92 íslenskar línur, sem fóru út í fyrstu prófun. Að auki voru 11 erlend yrki og 4 íslensk. Hver kynbótalinna var í 3 tilraunum hið minnsta. Tilraunareitir í fullri stærð voru 832 talsins, þar af 390 á Korpu. Þar var að auki mikill fjöldi smáreita með kynbótakorni á fyrri stigum prófunar.

Korntilraunir ársins voru 5 talsins. Tvær voru á Korpu á mismunandi jarðvegi. Aðrar tilraunir voru á Þorvaldseyri, Vindheimum og Möðruvöllum. Höfuðdagsveðrið náði hvorki að Þorvaldseyri né Möðruvöllum. Það vann hins vegar skemmdir á tilraununum á Korpu og Vindheimum. Mátti telja það hið mesta happ fyrir tilraunirnar, því að þar fengust upplýsingar bæði um afrakstursgetu án áfalla og eins um veðurþol hins nýja kynbótakorns. Allar tilraunirnar voru skornar áður en veðrið mikla gerði þann 17. september.

Tilraun nr. 125-08. Samanburður á byggyrkjum.

Samanburður byggyrkja hefur tvennan tilgang. Annars vegar er leitað eftir nýjum erlendum yrkjum, sem að gagni gætu komið í íslenskri kornrækt og hins vegar eru íslenskar kynbótalinur reyndar í sömu tilraunum og erlendu yrkin. Í ár var sáð í 5 tilraunir í þessari tilraunaröð. Tilraunirnar voru á eftirtöldum stöðum:

Tilraunastaður	Skammstöfun	Land	Áburður		Sáð	Uppskorið
			N, kg/ha	Teg.		
Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum	Þor	mólendi	90	18-7-8	28.4.	2.9.
Möðruvöllum í Eyjafirði	Möð	mólendi	80	12-5-14	8.5.	8.9.
Vindheimum í Skagafirði	Vin	sandur	120	20-5-7	28.4.	9.9.
Korpu í Mosfellssveit, norður	KoN	mólendi	60	12-5-14	24.4.	1.9.
Korpu í Mosfellssveit, suður	KoS	flagmór	60	12-5-14	25.4.	11.9.

Sáð var með raðsáðvél í allar þessar tilraunir. Sáðmagn var 200 kg/ha og reitastærð 10 m². Tilraunirnar voru skornar með þreskivél. Þá var allur reiturinn skorinn, uppskera vegin, og eitt sýni tekið til að ákvarða þurrefni og kornhlut. Samreitir voru hvarvetna 2 nema 3 í norðurtilrauninni á Korpu. Á Þorvaldseyri voru 30 liðir (yrki og línur), 85 á Möðruvöllum, 86 á Vindheimum, 32 á Korpu norður og 108 á Korpu suður.

Sáðkorn af íslensku línunum var allt ræktað á Korpu 2007. Til var erlent sáðkorn af 16 þeirra. Samanburður leiddi í ljós, að íslenska sáðkornið stóð því erlenda á sporði. Sáðkorn af hverri línu dugði í 3 tilraunir. Hver og ein lína var á Korpu, langflestar á Vindheimum, þær sexraða að auki á Möðruvöllum, en þær tvíraða á Þorvaldseyri.

Í tilraunum voru 4 íslensk yrki og 92 kynbótalínur. Önnur yrki voru norsk (Arve og Olsok), sænsk (Filippa, Rekyl, Barbro, Judit, Solbritt og Pilvi) og finnsk (Saana, Erkki og Kunnari).

Eftir atvikum þykir ekki ástæða til að gefa hér upp uppskeru einstakra kynbótalína. Þær skipuðu sér þó hvarvetna í efstu sætin og má nefna, að 5 þeirra skiluðu meiri uppskeru en Skúmur að meðaltali, 11 meiri uppskeru en Lómur og 16 meiri uppskeru en Pilvi.

Nöfn á sexraðayrkjum eru skáletruð. Yrkjum er raðað eftir meðaluppskeru, þannig að þau uppskeru-mestu eru efst. Eins er tilraunastöðum raðað eftir uppskeru frá vinstri til hægri.

Kornuppskera, hkg þe/ha

Yrki/staður	Möð	KoN	Vin	Þor	KoS	Mt
1. <i>Skúmur</i>	94,3	61,6	61,1	52,4	52,5	64,3
2. <i>Lómur</i>	87,0	62,4	64,3	56,2	43,4	62,8
3. <i>Pilvi</i>	88,0	56,7	56,6	—	—	59,7
4. <i>Kunnari</i>	92,4	59,8	58,8	42,2	—	59,4
5. <i>Arve</i>	104,7	51,2	46,2	—	41,8	59,2
6. <i>Erkki</i>	95,1	51,8	58,5	37,1	—	56,4
7. <i>Judit</i>	99,3	54,6	48,1	40,4	35,5	55,5
8. <i>Olsok</i>	92,6	58,9	43,7	—	33,7	55,3
9. <i>Kría</i>	75,3	56,8	55,1	46,3	40,7	55,0
10. <i>Filippa</i>	—	54,9	—	50,2	35,0	54,7
11. <i>Saana</i>	—	54,5	—	43,9	—	53,5
12. <i>Barbro</i>	—	56,1	—	39,1	—	51,9
13. <i>Rekyl</i>	—	46,8	—	44,2	—	50,4
14. <i>Solbritt</i>	86,0	49,6	34,5	—	—	49,6
15. <i>Skegla</i>	67,7	48,9	44,8	45,6	35,4	48,4
Staðalfrávik	6,20	6,83	5,62	3,59	5,15	
Fritölur f. skekkju	94	63	95	29	105	

Uppskeran mældist óhóflega mikil á Möðruvöllum. Skýring á því er sú, að sáð er í 130 sm breiðan reit og hann allur skorinn. Að jafnaði eru svo 40 sm milli reita. Þessi breidd (130 sm) er svo notuð, þegar flatarmál uppskerureits er mælt. Það er örugglega rétt, þegar spretta korns er í hófi. En þegar gróska er í korni og stöngullinn hávaxinn, leggst það út yfir götuna milli reita og nýtir það yfirborð. Með því að nota alltaf breiddina 130 sm er því verið ofmeta uppskeruna kerfisbundið, þegar hún er mikil á annað borð. Samt er erfitt að breyta þessari framsetningu. Ástæðurnar eru þrjár: Í fyrsta lagi hefur þetta alltaf verið mælt svona. Í öðru lagi ætti þetta ekki að breyta röðun yrkja, né heldur hafa áhrif á muninn milli þeirra. Í þriðja lagi er erfitt að meta, hvenær ætti að breyta úr 130 sm reit í 170 sm reit, því að við litla sprettu notast aðeins reiturinn sjálfur en ekki gatan.

Ýmsar mælingar, sem birtar eru á þessari síðu undir fyrirsögninni Þroski, eru meðaltal úr öllum fimm tilraununum. Þroskaeinkunn er summa þúsundkornabyngdar, rúmbyngdar og þurrefnis. Skriðdagur var aðeins skráður í tilraununum á Korpu og einungis þar var metið blaðsveppasmit. Kornid skreið á Korpu þann 8. júlí að meðaltali allra yrkja og lína og ekki var munur milli tilrauna norður og suður.

Smit var metið 14. ágúst og tiltekur, hve stór hluti af blöðum var þá visinn. Fljótþroska yrki fara venjulega illa út úr mati af þessu tagi, því að ekki sést glöggur munur á blöðum, sem visna aldurs vegna og hinna er blaðsveppir hafa eytt.

Þroski						
Yrki	Þús. korn, g	Rúmþ. g/100ml	Þurrefni, %	Þroska- einkunn	Athuganir á Korpu	
					Skrið í júlí	Smit, %
1. Filippa	49	70	61	180	13	63
2. Skegla	44	69	64	177	6	44
3. Barbro	46	68	61	175	13	70
4. Kría	42	70	64	175	7	63
5. Olsok	40	64	68	172	9	42
6. Solbritt	38	68	67	172	8	77
7. Arve	40	65	66	171	7	66
8. Pilvi	40	63	66	170	8	70
9. Judit	38	65	64	167	9	40
10. Re kyl	42	67	58	167	15	40
11. Saana	43	66	59	167	16	50
12. Erkki	40	64	61	165	8	70
13. Kunnari	37	63	60	160	9	30
14. Lómur	36	62	60	158	8	80
15. Skúmur	34	63	60	157	8	70

	Kornuppsk.	Þús.korn	Rúmþyngd	Þurrefni	Þroskaeinkunn
Vindheimum	46,5	43	67	77	187
Möðruvöllum	84,8	43	66	66	175
Korpu suður	38,1	39	62	65	166
Korpu norður	52,7	40	64	56	161
Þorvaldseyri	46,0	38	63	56	157
Meðaltal	53,6	40,5	64,4	64,0	169,0

Meðaltal frá einstökum stöðum er einfalt meðaltal allra yrkja og lína, sem þar voru í prófun. Eins og sést á meðaltali þurrefniseinkunnar var kornið að jafnaði vel þroskað. Svo vel þroskað hefur korn ekki verið í tilraunum síðan 2004. Það ár var kornið reyndar mun betur þroskað en nú og meðalþroskaeinkunn allra staða var þá 176.

Korn tilraunir hafa verið styrktar af Framleiðnisjóði landbúnaðarins um langt árabíl.

Uppgjör á samanburði byggjrkja árin 1996–2008.

Þetta uppgjör var unnið á sama hátt og undanfarin ár. Notað var gagnasafnið, sem fyrir var að viðbættum tilraunum ársins í ár. Þar með voru notaðar tölur frá 13 árum eða frá 1996–2008 að báðum árum meðtöldum.

Samspil stofna og staða hefur verið reiknað sem hending og er ríkjandi í skekkju á samanburði milli stofna. Tilraunum með mismunandi tilraunaskekkju hefur verið gefið mismikið vægi líkt og tilraunir með mikla skekkju hefðu færri samreiti en hinar. Yrkjum er raðað eftir besta línulegu mati á uppskeru (BLUE). Nákvæmari lýsing á úrvinnslu er að finna í jarðræktarskýrslum árunna 1994 og 95.

Sexraðayrkin koma fram í 68 tilraunum í þessu uppgjöri, en tvíraðayrkin 91. Þessir tveir flokkar eru eins og fyrr gerðir upp hvor í sínu lagi. Ástæðan er sú, að röðunin er gjörólík eftir landshlutum.

Þannig eru sexraðayrkin oftast efst norðanlands en neðst syðra. Í sameiginlegu uppgjöri hefði skekkjan því orðið úr hófi mikil. Í uppgjöri er sleppt þeim tilraunum, þar sem fokskemmdir höfðu veruleg áhrif á mælda uppskeru af sexraðayrkjum.

Alls komu til röðunar 50 tvíraðayrki og 42 sexraða. Niðurstöður fylgja hér í töflu. Sleppt er að nefna ýmsar kynbótalínur, íslenskar og erlendar, sem ekki hafa skilið eftir sig spor og hafa ekki verið ræktaðar utan tilrauna. Athuga ber samt, að raðtalan er látin halda sér.

Þremur nöfnum hefur verið breytt frá fyrri árum. Þau yrki, sem áður hétu Skúmur I, II og III, heita nú í sömu röð Gamliskúmur, Lómur og Skúmur.

Helstu byggyrki í tilraunum 1996–2008

	Upp- skera, hkg/ha	Skekkja samanb. v/st.afbr.	Fjöldi til- rauna		Upp- skera, hkg/ha	Skekkja samanb. v/st.afbr.	Fjöldi til- rauna
<i>Sexraðayrki</i>							
1. Lómur	51,0	1,56	25	22. Olsok	44,0	1,10	58
2. Skúmur	50,7	1,41	31	24. Habil	42,9	1,96	10
3. Gamliskúmur	49,6	1,46	26	25. Gaute	42,9	1,47	23
4. Kunnari	48,1	2,70	7	28. Bamse	42,0	3,17	6
5. Judit	47,3	1,58	23	30. Heder	41,8	1,96	10
7. Pilvi	47,0	2,86	6	31. Arve	41,8	–	63
8. Erkki	46,9	2,70	7	33. Voitto	41,2	3,31	3
10. Ven	46,2	1,32	30	35. Rolfi	40,8	1,34	27
13. Tiril	45,3	1,33	30	38. Edel	38,7	2,13	6
19. Solbritt	44,2	1,88	13	39. Artturi	38,1	2,47	8
20. Jyvä	44,0	2,28	7	40. Fager	37,0	1,91	9
21. Lavrans	44,0	1,23	37	42. Hrutur	32,3	1,59	16
<i>Tvíraðayrki</i>							
1. Teista	44,5	0,86	31	32. Rjúpa	39,6	0,89	29
2. Kría	43,9	0,70	54	34. Gold. prom.	39,2	1,05	17
7. Axelina	42,2	2,46	3	35. Kinnan	38,9	1,42	7
13. Lóa	41,5	1,01	21	40. Mari	38,5	1,18	13
15. Saana	41,3	0,88	26	42. Sunnita	38,3	1,00	18
18. Mitja	41,1	1,54	8	43. Filippa	38,1	0,66	65
24. Barbro	40,4	1,42	10	44. Minttu	37,5	2,51	3
25. Skegla	39,9	–	67	45. Gunilla	37,4	0,89	25
28. Antto	39,7	1,60	6	47. Meltan	36,6	1,77	4
31. Rekyl	39,6	0,90	24	49. Olve	34,8	1,63	6


Verkun byggheilsæðis í blöndu með repju eða ertu

Meginmarkmið þessa verkefnis er að skera úr um hvort hægt er að verka orkuríkt heilsæðisvothey og skoða áhrif repju, ertu, áburðar og skurðartíma á uppskeru, fóðurgildi og verkun (gæði gerjunar) í byggheilsæðisblöndum.


Sáð var í 3 ha spildu á Möðruvöllum 13. og 14. maí 2008. Spildan var nýplægð og tætt fyrir raðsáningu. Spildunni var skipt jafnt niður í 4 reiti (liði) með mismunandi heilsæðisblöndum þannig.

	A	B	C	D
	Bygg hreint	Bygg/erta	Bygg/repja	Bygg/repja
	Kría	Kría/Bohatyr	Kría/Hobson	Kría/Hobson
Sáðmagn, kg/ha:	200	150/150	100/8	100/8
Áburðartegund:	Græðir 5	Græðir 1	Græðir 5	Græðir 5
Kg N/ha:	75	60	75	150


Helmingur reita var sleginn 13. ágúst og hirtir 14. ágúst þegar byggkornið hafði náð oststigi. Hinn helmingur reitanna var sleginn og hirtur 9. september eða 26 dögum seinna. Þá hafði byggð náð hámarks Kornfyllingu (harðþroskastigi). Á uppskerudegi voru stórreitir (liðir) uppskerumældir með Agriu tilraunasláttuvél á fjórum stöðum (endurtekningum) í hverjum reit og sýni tekin til að ákvarða þurrefni, tegunda- og kornhlutfall og efnamagn. Einnig voru tekin sýni með heybor úr sláttuskárunum rétt fyrir bindingu í þremur endurtekningum til að mæla þurrefni, meltanleika og efnamagn. Stórreitir voru slegnir með diskasláttuvél og sláttuhæð mældist 7–14 sm. Uppskeran var hirt úr sláttuskárunum með annars vegar Welger sambyggðri rúllu- og pökkunarvél með 25 hnífa búnaði og hins vegar með Vicon sambyggðri rúllu- og pökkunarvél með 12 hnífa búnaði. Öllum rúllum var pakkað í sexfaldan plasthjúp og raðað úti á Möðruvöllum. Rúllurnar voru vigtaðar við hirðingu og verða aftur vigtaðar við gjöf (í jan.– febr. 2009) og sýni tekin til að mæla gerjunarafurðir um leið og þær verða gefnar í Möðruvallafjósi. Einkunnir verða gefnar fyrir lykt og lystugleika en át ekki mælt.



Magn þurrefnis í heilsæðisrúllum sem fall af þurrefnishlutfalli og gerð rúlluvéla. Alls 85 rúllur.



Meðaltal uppsæru (í fóðureiningum) heilsæðis á Möðruvöllum 2008 á tveimur mismunandi sláttutímum. Fyrri súlan með byggi og repju fékk áburð 75 kg N/ha, síðari súlan 150 kg N/ha.



Vegið fóðurgildi (orka og prótein) heilsæðis á Möðruvöllum 2008 á tveimur mismunandi sláttutímum. Fyrri súlan með byggi og repju fékk áburð 75 kg N/ha, síðari súlan 150 kg N/ha.

Verkið var styrkt af Framleiðnisjóði landbúnaðarins og fyrstu niðurstöður verða kynntar á Fræðapingi landbúnaðarins 2009.

Norrænar erfðaauðlindir vallarfoxgrass

Um er að ræða samnorrænt rannsóknaverkefni sem hlotið hefur stuðning á vettvangi NKJ. Meginmarkmið þess er að treysta varðveislu og bæta nýtingu á norrænum erfðaauðlindum vallarfoxgrass með ítarlegum mælingum á breytileika í svipgerð og arfgerð. Á tilraunastöðinni á Korpu var plantað út 200 mismunandi erfðahópum af vallarfoxgrasi af ólíkum uppruna, 20 arfgerðum í hverjum hópi, eða samtals 4000 plöntum vorið 2007.

Vorið 2008 kom í ljós að 38% allra plantna voru dauðar eftir veturinn. Plönturnar lifðu þó misvel eftir því hvaðan þær voru upprunnar því um 67% plantna af norrænum uppruna voru lifandi um vorið en einungis um 40% af þeim sem áttu langt að. Þær plöntur sem eftir lifðu áttu nokkuð erfitt uppdráttar um sumarið vegna þurrks, illgresis og ágangs gæsa. Allar lifandi plöntur voru metnar samkvæmt samræmdu kerfi m.t.t. ýmissa útlitseiginleika og lagt var mat á uppskerugetu. Uppgjör á niðurstöðum verður unnið á samnorrænum vettvangi.

Verkefnið er styrkt af Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Erfðafjölbreytni hvítmára af ólíkum uppruna

Um er að ræða samstarfsverkefni milli sérfræðinga á Íslandi, í Svíþjóð og á Bretlandi þar sem notuð eru AFLP erfðamörk til þess að greina erfðabreytingar í rauð- og/eða hvítmárayrkjum sem vaxið hafa í sameiginlegri tilraun í þessum löndum. Hér á Íslandi berum við einnig saman erfðafjölbreytni í kynbættum hvítmárayrkjum af ólíkum uppruna við náttúrulega stofna sem aðlagast hafa erfiðum skilyrðum hér. Erfðafjölbreytni sem metin er með AFLP erfðamörkum tengist ekki endilega erfðasætum sem náttúruúrval hefur valið fyrir. Hér mælum við því einnig algenga útlits- og lífeðlisfræðilega eiginleika í hefðbundnu hnausasafni.

Plöntum var plantað út í svörð á Korpu í tilraun um miðjan ágúst 2007. Vorið 2008 var metin lifun og kom þá í ljós að plöntur af hvítmárayrkinu Ramona höfðu lifað illa af veturinn. Var því yrki því sleppt úr frekari úrvinnslu. Eftir stóðu fjórir stofnar og um mitt sumar voru ýmsir útlitseiginleikar þeirra mældir, s.s. útbreiðsla, hæð, lengd og þykkt valins stöngulliðar, stíklengd og blaðflatarmál meðfylgjandi blaðs, og þurrefni mismunandi plöntuhluta. Gögn þessi bíða nú uppgjörs.

Safnað hefur verið sýnum af hvítmára og rauðsmára sem send hafa verið til IGER í Wales til AFLP mælinga. Unnið hefur verið að grein um þær niðurstöður og mun hún liggja mun fyrir 2009.

Einnig voru tekin sýni til mælinga á fitusýrum haustið 2008 af völdum efnivið. Stefnt er að því að niðurstöður úr þeim mælingum liggi fyrir vorið 2009.

Magnus Göranson, við garðyrkjudeild Sænska landbúnaðarháskólans (SLU) í Alnarp, tekur þetta verkefni sem hluta af MS námi sínu þar. Hann áætlað að ljúka náminu sumarið 2009.

Verkefnið er styrkt af Rannís.

Tilraun nr. 922-08. Forsoðnar kartöflur – yrkjasamanburður, Korpu

Annað árið í röð var gerð á Korpu tilraun með samanburð á kartöfluyrkjum og mismunandi áburðargjöf. Markmiðið var framleiðsla hráefnis til forsoðningar. Kröfur til þeirrar vinnslu eru helstar þær, að kartöflurnar séu jafnar að stærð, þurrefnisríkar og með grunn augu.

Sumarið 2007 voru 8 kartöfluyrki og 2 staðalyrki, Gullauga og Premier, borin saman í þessu augnamiði á Korpu. Af þeim stóðust 4 yrki lágmarkskröfur. Af þeim og staðalyrkjunum var tekið staðlað útsæði og notað í þessa tilraun. Til viðbótar voru nú sett niður 5 ný yrki. Útsæði af þeim kom frá Hollandi og var til muna stærra en hið heimaræktaða. Því voru í tilrauninni borin saman ellefu yrki og að auki tveir áburðarskammtar.

Tilrauninni var valinn staður á dæmigerðu mólendi. Sett var niður 20. maí og tekið upp 12. september. Landið var fínunnið og hryggir gerðir fyrirfram. Úðað var með Shirlani þrívegis sem fyrirbyggjandi vörn gegn kartöflumyglu. Úðað var með Afaloni gegn illgresi, en árangur varð ekki sem skyldi, líklega vegna þess, að mold var mjög þurr, þegar úðað var.

Bil milli hryggja var um 75 sm, 25 sm milli kartaflna, tveir hryggir saman í reit og 14 kartöflur settar niður í hvern reit. Við uppskeru voru 10 grös tekin úr hverjum reit, sem næst miðju hans. Reitir voru þannig 1,75×1,5 m eða 2,625 m² að flatarmáli, en uppskerureitur samkvæmt framansögðu aðeins 1,875 m² þar af. Áburður og yrki voru hvort tveggja í smáreitum og heildregið í þá. Samreitir voru 2 og reitir því 44 alls.

Áburðarskammtar voru tveir. Annars vegar var staðaláburðurinn einn saman, það voru 750 kg af Garðáburði á hektara eða 90N-37P-105K. Hins vegar var staðaláburðurinn að viðbættum aukaskammti af fosfór, 30 kg P/ha í þrífosfati. Öllum áburði var dreift ofan á hryggina eftir niðurstetningu.

Eftir upptöku voru kartöflurnar geymdar á þurrum og svölum stað. Hálfum mánuði síðar voru þær flokkaðar, vegnar, sterkja mæld og þurrefni. Þurrefnishlutur var ákvarðaður á sex kartöflum af meðalstærð úr hverjum reit, þær voru skornar í sneiðar og þurrkaðar í ofni við 80°C. Sterkja var ákvörðuð á um það bil einu kg af kartöflum úr hverjum reit. Við þá ákvörðun eru kartöflurnar vegnar þurrar fyrst og síðan í vatni og sterkjan reiknuð út eftir eðlisþyngd kartaflnanna.

Eins og áður segir var útsæði af yrkjum misstórt eftir uppruna. Útsæðið frá Korpu var að þvermáli á bilinu 35–45 mm, en útsæðið frá Hollandi var að þvermáli vel yfir 55 mm. Stærð útsæðis hafði áhrif á uppskeru og röðust yrkin með útsæði frá Hollandi í 5 efstu sætin bæði að ferskri uppskeru og uppskeru þurrefnis.

Við uppgjör kom í ljós, að aukaskammtur af fosfór hafði ekki marktæk áhrif á nokkra mældu stærð. Þaðan af síður fannst samspil milli áburðar og yrkja. Því var áburðarliðum slegið saman og tölurnar meðhöndlaðar sem um væri að ræða einfaldan yrkjasamburð með 4 samreitum. Niðurstöður fylgja hér í töflu. Yrkjum er raðað eftir ferskri uppskeru. Yrkin, sem ræktuð voru af hollenska útsæðinu, eru þá í 5 efstu sætunum. Frítölur fyrir skekkju eru 30.

Yrki	Uppskeyra, fersk t/ha	Kartöflur fj./gras	Þurrefni %	Sterkja %	Uppskeyra t. þe./ha
Asterix	32,5	8,9	20,5	16,6	6,66
VD2-97-207	22,3	8,0	17,3	14,6	3,86
Voyager	22,0	5,1	18,3	15,0	4,03
Victoria	16,6	5,0	19,7	16,3	3,27
Annabella	15,5	10,9	18,6	15,0	2,88
Gullauga	13,9	7,4	24,2	18,8	3,37
Inova	13,8	7,9	19,7	15,4	2,72
Premier	13,3	5,3	21,5	16,6	2,86
Riviera	12,0	3,9	19,8	14,4	2,37
Belana	10,4	6,9	20,1	16,3	2,08
Piccolo star	9,5	5,9	21,1	15,5	2,00
Meðaltal	16,5	6,8	20,1	15,9	3,32
<i>Staðalfrávik</i>	2,32	1,10	0,75	0,51	0,45

Munur milli yrkja í heildina var marktækur í öllum mældum eiginleikum. Gegnir þar sama máli um heildaruppskeru, fjölda kartafna í einstökum stærðarflokkum og í heild og þurrefni og sterkju.

Þar sem kartöflur af einni ákveðinni stærð eru hagnýtari en aðrar þegar hugað er að forsoðningu, verður birt hér tafla um stærðarflokkun.

Yrki	Uppskeyra eftir stærðarflokkum, fersk, tn/ha			
	> 55 mm	45–55 mm	35–45 mm	< 35 mm
Asterix	8,4	16,6	6,3	1,2
VD2-97-207	6,9	8,8	5,3	1,3
Voyager	10,7	7,9	2,9	0,5
Victoria	5,8	7,6	2,7	0,5
Annabella	0,2	1,9	8,8	4,6
Gullauga	1,3	5,3	3,9	1,2
Inova	0,4	4,3	4,8	2,0
Premier	2,5	5,8	2,2	0,5
Riviera	4,6	3,4	1,7	0,3
Belana	0,1	2,3	4,8	1,5
Piccolo star	0,9	2,2	3,4	1,4
Meðaltal	4,0	6,4	4,6	1,5
<i>Staðalfrávik</i>	2,06	1,55	1,21	0,62

Til forsoðningar henta kartöflur á stærðarbilinu 35–45 mm. Yrkið Annabella er þar í sérflokkki með 58% uppskerunnar af þeim stærðarflokki. Yrkið sem best þótti í fyrra, Belana, sýnir svipaða skiptingu uppskeru. Svo miklu munaði á útsæði í hollenska flokknum (þeim 5 efstu í töflunni) og þeim íslenska að erfitt getur orðið um samanburð yfir flokkamörkin. Augljóst má þó vera að yrkin tvö, Belana og Annabella, eru allrar athygli verð, þegar leitað er að yrkjum til forsoðningar.

Frærækt

Endurnýjun á stofnfræi

Hirt var í síðasta sinn fræ af hnausasafni (polycross) af Öddu vallarfoxgrasi frá vorinu 2004. Tveir valhópar af háliðagrasi eru í hnausasöfnum á Korpu og var fræi safnað úr þeim.

Frærækt fyrir Norræna genbankann

Jarðræktardeild sér um endurnýjun fræs, sem er í vörslu Norræna genbankans (NGB), eftir því sem bankinn telur þörf á. Plantað var í 8 fræðökureiti sumarið 2007 af snarrót (4), túnvingli (5) og vallarsveifgrasi (3). Ekkert fræ fékkst af sveifgrasreitunum haustið 2008, en hinir gáfu allir nægt fræ fyrir bankann.

Frærannsóknir

Gæðaprófanir á sáðvöru voru með hefðbundnum hætti á Möðruvöllum. Prófanir eru gerðar til að votta spírunarhæfni og hreinleika sáðvöru sem framleidd er hér á landi og ætluð til sölu eða á innfluttri sáðvöru sem hefur úrelt gæðavottorð. Einnig er nokkuð um að kornbændur óski eftir spírunarprófunum á heimaræktuðu sáðkorni. Alls voru prófanir 92 á árinu 2008.

Frærækt innlendra landbótaplantna

Fjöldmargir stofnar belgjurta eru varðveittir á Geitasandi á Rangárvöllum. Eru þetta bæði innlendir og erlendir stofnar. Fræi er safnað hvert haust.

Uppskera hamps og hampyrki

Vorið 2008 var hampi (*Cannabis sativa*) sáð á nokkrum stöðum hér á landi. Að frumkvæði Sveins Jónssonar í Kálfskinni var lögð út tilraun á Möðruvöllum í Hörgárdal með það að markmiði að skrá vöxt, þroska og uppskeru fimm iðnaðarhampyrkja. Yrkjum var sáð í illgresislausan kornakur á 8. maí 2008. Notuð var tilraunareitasáðvél sem sáir í raðir með 12,5 sm millibili. Sáðmagn var sem svarar 20 kg/ha. Með sáningunni var borið á sem svarar 55 kg af N á ha í Blákorni. Þann 6. júní var síðan borið á sem svarar 105 kg N á ha í sama áburði eða samtals 160 kg N, 70 kg P og 210 kg K á ha. Tilraunin var slegin 22. september, plöntuhæð og uppskera mæld og sýni tekin til efnagreininga. Fóðurgildi var mælt í uppskerusýnum í tveimur yrkjum.



6. júní





9. júlí



19. ágúst



22. september



Meltanleiki og efnainnihald tveggja hampyrkja sem ræktuð voru á Möðruvöllum 2008

Yrki	Meltanleiki	Prótein	Hlutfall af þurrefni, %						
			Ca	P	Mg	K	Na	S	Aska
Santica	63,8	16,0	2,23	0,35	0,65	2,18	0,07	0,29	10,0
Futura	65,4	16,4	2,41	0,32	0,74	2,16	0,09	0,28	11,7
<i>Meðaltal</i>	<i>64,6</i>	<i>16,2</i>	<i>2,32</i>	<i>0,33</i>	<i>0,70</i>	<i>2,17</i>	<i>0,08</i>	<i>0,28</i>	<i>10,9</i>
<i>Staðalfrávik</i>	<i>2,7</i>	<i>2,4</i>	<i>0,39</i>	<i>0,03</i>	<i>0,10</i>	<i>0,27</i>	<i>0,04</i>	<i>0,03</i>	<i>1,0</i>

Niðurstöður voru kynntar á Fræðapingi landbúnaðarins 2009.

Ræktun repju og nepju til olíuframléiðslu og uppgræðslu

Að beiðni Siglingastofnunar skipulagði LbhÍ tilraunaráæktun á vetrarafbrigðum repju (*Brassica napus var. oleifera*) og nepju (*Brassica rapa var. oleifera*) til olíuframléiðslu á 9 stöðum á landinu sumarið 2008. Markmiðið var að fylgjast með vexti, þroska og meta uppskerugetu þessara tegunda hér á landi.

Sáð var í um hálfan hektara af hvorri tegund á hverjum stað. Yrkin voru Falstaff repja og Largo nepja, sáðmagn 5 kg/ha.

Tilraunastaður	Sáð	Áburður
Lambleiksstaðir, Hornafirði	22. júlí	400 kg í Blákorni (12-12-17)
Þorvaldseyri, Eyjafjöllum	26. júlí	400 kg í Fjölgræði 5 (16-15-12)
Skógarsandur, Eyjafjöllum	23. júlí	500 kg í Fjölgræði 5 (16-15-12)
Bakki, Landeyjum	23. júlí	500 kg í Fjölgræði 5 (16-15-12)
Brautarholt, Borgarfirði	23. júlí	400 kg í Blákorni (12-12-17)
Ósar, Vatnsnesi	23. júlí	400 kg í Blákorni (12-12-17)
Vallhólmi, Skagafirði	23. júlí	450 kg í Fjölgræði 5 (16-15-12)
Möðruvellir, Hörgárdal	24. júlí	400 kg í Fjölgræði 5 (16-15-12)
Korpa	19. júlí	400 kg í Blákorni (12-12-17)

Búskaparannáll Möðruvalla

Um mitt ár 2007 var rekstrarfyrirkomulagi búrekstrarins á Möðruvöllum breytt og fært í sama horf og á öðrum búum Landbúnaðarháskóla Íslands. Á útmánuðum 2008 var búreksturinn síðan færður undir búrekstrarsvið LbhÍ og því ekki lengur á ábyrgð tilraunastjóra. Hefðbundnu uppgjöri á búrekstri Möðruvalla, sem hefur verið birt á þessum vettvangi frá árinu 1991, er því lokið. Yfirlit um tíðarfar og sprettu er í kaflanum um búveður.

Sprotabú

Þetta verkefni var kynnt í Jarðræktarrannsóknnum LbhÍ 2004. Gagnasöfnun er að mestu lokið, en úrvinnsla hefur dregist.

Kalstofa á Möðruvöllum

Á Möðruvöllum er rekin kalstofa, þar sem hægt er að gera frost- og sveiþpolsprófanir. Veturinn 2007–2008 var gerð sveiþpols- og frostpolsprófun á fjallaplöntunni grámullu (*Omalotheca supina*). Á vegum Skógræktar ríkisins voru gerðar frostpols- og herslumælingar á skógarplöntum í dvala.

Þá vann Raket Jónsdóttir, meistaranemi við SLU, að verkefni sínu „Áhrif áburðargjafar á frostpolsmyndun skógarplantna“. Sérstaklega er verið að skoða áhrif haustáburðargjafar á frostpól. Þetta er samstarfsverkefni á milli Sænska landbúnaðarháskólans (SLU), LbhÍ og Norðurlandsskóga.

Búveður

Skrið vallafoxgrass og byggs á Korpu.

Fylgst hefur verið með skriði vallafoxgrass og byggs á Korpu undanfarin ár. Skrið fyrrnefndu tegundarinnar hefur verið metið á stofnunum Korpu, Engmo og Öddu, einum eða fleiri, ár hvert við venjulegan túnaburð. Skriðdagur byggs er fenginn úr tilraunum á mel og mýri til helminga og er meðalskriðdagur yrkjanna Skeglu, Filippu, Arve og Olsok. Báðar tegundirnar eru taldar skriðnar þegar sér í strálegg milli stoðblaðs og punts og miðskriðdagur telst þegar helmingur sprota er skriðinn.

Byggi hefur verið sáð hvert vor eins fljótt og mögulegt hefur verið vegna jarðklaka. Skriðdagur þess er því mælikvarði á árgæsku fyrri hluta sumars. Skriðdagur vallafoxgras ætti að gefa sömu upplýsingar. Furðu vekur hve mikið vantar á að þessar tvær tegundir séu samstiga.

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Vallafoxgras, skriðd.	8.7.	8.7.	30.6.	27.6.	27.6.	26.6.	10.7.	29.6.	26.6.
Bygg, skriðdagur	15.7.	24.7.	15.7.	12.7.	16.7.	19.7.	31.7.	9.7.	9.7.
Skrið byggs, d. frá sán.	79	73	70	71	72	77	83	76	74

Tíðarfar og spretta á Möðruvöllum

Meðalhiti ársins 2008 var 3,7°C, sem er 0,1°C yfir meðalhita síðustu 12 ára. Mánuðirnir maí–september voru allir yfir meðallagi. Maí var 2,0 gráðum hlýrri en júní einungis 0,1 gráðu hærri og þótti kaldur. Mesti hiti ársins mældis 26,1°C þann 31. júlí kl. 17 og lægsti hiti mældist -16,1°C á miðnætti 5. mars. Frost í 2 m hæð mældist í öllum mánuðum. Ársúrkomu var 282 mm, sem er 17% undir 16 ára meðaltali. Mest var úrkomu í september (41mm) og einnig mesta sólarhringsúrkomu (11mm) og minnst í apríl (3 mm). Alls voru úrkomudagar 115, fæstir (2) í apríl og flestir í október og nóvember, 15 í hvorum mánuði. Frost fór úr jörðu við veðurstöð 6. maí, sem er óvenju seint. Jarðvinnslu og kornsáningu seinkaði af þessum sökum, en var þó lokið fyrir miðjan maí. Tún komu vel undan vetri og spretta jarðargróðurs var mikil og góð.

Veður á Möðruvöllum

	Vindhraði			Lofthiti í 2 m hæð			Raki %	Jarðvegshiti ¹⁾				Úr- koma mm
	Mt. m/s	Hám. m/s	Hviða m/s	Mt. °C	Hám. °C	Lágm. °C		5 sm °C	10 sm °C	20 sm °C	50 sm °C	
Janúar	5	6	44	-2,2	10,5	-14,1	79	-0,1	0,3	1,2	2,3	15
Febrúar	7	8	30	-1,1	10,1	-15,8	77	-0,3	0,1	0,8	1,9	25
Mars	4	5	27	-2,1	8,1	-16,1	78	-0,2	0,0	0,6	1,3	34
Apríl	4	5	20	1,0	12,5	-8,1	74	-0,1	0,0	0,5	1,2	3
Maí	3	4	19	7,5	19,3	-1,6	76	5,4	4,2	2,4	1,6	23
Júní	3	4	15	9,1	19,5	-1,0	71	11,4	10,5	8,0	4,9	16
Júlí	3	4	18	11,7	26,1	-0,2	79	12,8	11,9	9,7	7,0	27
Ágúst	3	4	18	10,9	24,1	-0,4	76	13,7	13,1	11,0	8,0	13
September	5	6	33	9,1	17,8	-0,5	74	7,3	7,9	8,5	8,2	41
Oktober	4	5	26	0,6	10,0	-12,9	79	3,3	4,1	5,7	6,8	32
Nóvember	6	7	43	0,8	10,7	-9,5	78	1,0	1,5	2,8	4,3	31
Desember	6	7	32	-1,3	12,4	-15,2	76	0,3	0,7	1,7	3,0	22
Mt./Alls	4	5	27	3,7	26,1	-16,1	76	4,5	4,5	4,4	4,2	282

¹⁾ Jarðvegshitamælur voru bilaðir stóran hluta ágúst og september.

Veður á Korpu

Meðalhiti sólarhringsins á Korpu sumarið 2008(°C).

Skil milli sólarhringa eru kl. 9 að morgni. Meðalhiti sólarhringsins er meðaltal hámarks- og lágmarkshita, lesið af mælum kl. 9. Dagsetning við hitastig á við athugunardag. Það þýðir að meðaltalið á við næsta sólarhring á undan. Lágmarkshiti var leiðréttur eftir sprittstöðu lágmarksmælis eins og undanfarin 12 ár.

	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September
1.	3,8	4,2	7,5	11,3	14,8	11,4
2.	1,4	6,2	10,9	11,6	16,7	13,9
3.	1,4	7,8	11,5	14,1	12,9	13,0
4.	0,3	8,2	13,3	12,8	12,7	10,2
5.	-3,7	9,6	12,9	11,9	10,9	10,5
6.	-0,9	9,9	11,3	12,9	13,6	9,6
7.	2,7	9,5	10,8	12,2	11,2	11,0
8.	4,4	8,1	10,9	13,9	9,8	10,7
9.	1,6	9,3	10,6	13,0	10,2	11,0
10.	1,1	7,4	13,1	12,4	11,5	10,3
11.	4,0	9,0	13,0	13,4	14,0	11,7
12.	1,0	9,3	11,0	13,0	9,8	11,6
13.	1,5	9,8	11,3	11,1	12,3	11,2
14.	-0,8	9,7	11,4	10,9	11,6	11,4
15.	-1,0	7,8	11,1	8,9	11,1	10,9
16.	4,7	9,0	10,3	9,1	12,3	10,0
17.	6,7	7,9	12,2	11,6	11,6	11,6
18.	8,3	7,7	10,6	12,9	13,1	9,4
19.	6,8	8,1	7,9	10,2	11,9	9,6
20.	5,6	8,4	10,9	12,0	9,6	8,0
21.	7,0	7,4	11,4	12,8	12,3	6,5
22.	6,7	7,9	10,6	12,7	11,3	7,7
23.	6,7	9,1	11,2	10,0	12,0	7,3
24.	8,1	9,6	9,7	12,5	9,5	8,4
25.	8,8	9,2	13,0	13,5	9,2	7,4
26.	7,4	11,6	11,8	16,4	10,2	7,9
27.	4,2	10,4	13,2	14,6	10,2	7,5
28.	4,9	10,7	11,9	16,1	9,7	6,8
29.	5,6	11,7	9,7	13,7	11,1	6,7
30.	4,4	12,5	7,7	16,2	10,7	6,9
31.		10,3		19,7	9,5	
Meðaltal	3,75	8,94	11,09	12,81	11,52	9,66
Hámark	11,9	16,6	18,6	26,6	23,3	19,4
Lágmark	-9,6	0,0	1,6	2,6	2,8	2,9
Úrkoma mm	24,7	40,4	27,2	76,8	92,2	201,6
Úrkd.≥0,1mm	11	17	7	18	22	26

Nýtanlegt hitamagn frá maíbyrjun til septemberloka var 1195 °C. Nýtanlegt hitamagn er summan af meðalhita hvers dags að frádregnum 3,0 en er 0,0 ef meðalhiti er minni en 3,0. Hitasumma þá daga, sem búveðurathugun átti að standa (15. maí-15. september), var 1407 daggráður og meðalhiti þá daga 11,4 °C. Meðalhiti þessara fjögurra mánaða árin 1981-2007 var 9,91 °C. Sumarið 2008 var næsthljúasta sumarið á Korpu síðan búveðurathugunin hófst árið 1981. Hlýrra varð sumarið 2003. Þá var hitasumman frá 15. maí til 15. september 1467 daggráður og meðalhitinn 11,9 °C.

Trjágróður kringum veðurstöðina á Korpu hefur vaxið mjög á síðustu árum og hitamælar eru því í skjóli. Þegar sólfar er að sumarlagi og útræna síðdegis, mælist hámark hitans hærra á veðurstöðinni en á bersvæði. Því eru líkur á, að í þessari töflu sé hitinn ofreiknaður, einkum fyrir þá daga, þegar sólfar hefur verið eitthvað að marki.

Vikuleg gildi nokkurra veðurþátta árið 2008, Korpu.

Vika endar	Lofthiti í 2 m hæð, °C			Jarðvegshiti kl. 9, °C				Lág. 5 sm	Frost nætur	Sólsk. klst.	M.vindur m/sek.	Úrk. mm	Úrkomud.	
	Hiti kl. 9	Meðal- lág.	hám.	5	10	20	50						≥0,1	≥1,0
7.1.	2,5	0,5	5,4	0,1	0,1	0,2	1,7	-3,4	2	0	4,8	36	6	4
14.1.	0,1	-3,5	2,3	-0,4	-0,1	0,1	1,7	-8,4	6	2	5,4	2	3	1
21.1.	-2,2	-5,0	-0,4	-0,7	-0,4	0,0	1,7	-10,7	7	5	4,0	28	6	5
28.1.	0,0	-2,7	2,6	-0,2	-0,2	0,0	1,5	-7,3	7	2	6,7	31	7	7
4.2.	-7,0	-10,8	-2,6	-1,4	-0,7	-0,1	1,4	-16,2	7	23	4,5	6	3	2
11.2.	-0,2	-3,5	2,2	-0,6	-0,7	-0,5	1,3	-7,2	6	8	5,4	71	7	6
18.2.	4,0	1,6	5,6	0,0	-0,2	-0,2	1,1	-1,5	2	5	4,4	52	6	5
25.2.	-1,1	-4,2	2,4	0,0	-0,1	-0,2	1,0	-8,8	7	16	2,6	38	6	6
4.3.	-2,7	-5,9	0,8	-0,5	-0,3	-0,2	1,2	-12,4	7	22	4,3	14	6	4
11.3.	-0,7	-2,4	3,4	0,0	-0,1	-0,2	1,2	-5,5	4	25	4,4	41	4	4
18.3.	-0,9	-3,7	4,3	-0,4	-0,2	-0,3	1,2	-7,0	6	36	2,2	2	3	1
25.3.	1,3	-0,9	4,4	0,0	-0,1	-0,2	1,2	-2,9	6	15	5,3	13	5	3
1.4.	0,2	-2,4	3,3	-0,3	-0,1	-0,1	1,2	-5,5	6	41	6,3	0	1	0
8.4.	0,0	-3,2	4,9	-0,2	-0,1	-0,1	1,2	-6,3	6	56	3,4	13	4	3
15.4.	0,8	-2,9	5,1	0,0	-0,1	-0,1	1,2	-6,8	6	61	4,8	8	3	2
22.4.	6,6	3,8	9,4	1,1	0,5	0,0	1,6	1,3	0	12	4,7	0	1	0
29.4.	6,2	2,8	10,2	2,8	2,6	1,7	2,6	-0,1	1	58	5,5	3	3	1
6.5.	7,5	2,8	11,6	4,5	4,5	4,6	3,7	-1,8	1	53	5,0	8	4	3
13.5.	8,4	6,5	11,3	7,5	7,2	6,9	4,6	4,2	0	16	3,2	25	7	6
20.5.	8,1	5,0	11,7	8,6	8,7	8,8	5,9	1,8	0	33	2,8	3	4	1
27.5.	9,5	6,7	11,9	8,5	8,5	8,6	6,8	4,2	0	22	5,7	1	1	1
3.6.	10,5	7,3	14,1	10,6	10,3	10,4	7,5	5,0	0	41	4,4	4	1	1
10.6.	11,4	8,3	15,4	11,0	10,8	10,8	8,4	5,4	0	41	5,3	25	4	2
17.6.	11,3	7,6	15,3	12,6	12,4	12,6	9,4	3,7	0	72	3,7	1	2	0
24.6.	11,8	4,5	16,1	11,8	11,8	12,5	10,2	-1,2	0	111	2,5	0	0	0
1.7.	11,5	6,1	16,3	12,2	12,2	13,0	10,8	2,0	0	77	4,6	2	2	1
8.7.	12,4	9,0	16,5	13,4	13,2	13,3	10,7	6,5	0	43	2,6	12	4	3
15.7.	11,2	8,7	14,9	13,5	13,7	14,1	11,5	6,3	0	32	4,4	26	4	4
22.7.	12,6	6,9	16,3	12,6	12,8	13,5	11,7	2,3	0	60	4,3	20	3	3
29.7.	13,5	10,9	16,8	13,4	13,5	13,7	11,8	8,4	0	43	5,7	19	6	5
5.8.	14,3	9,7	20,0	14,5	14,8	15,2	12,5	6,4	0	44	1,5	2	2	1
12.8.	11,3	7,0	15,9	12,3	13,1	13,8	12,6	2,5	0	53	2,1	14	5	3
19.8.	11,7	9,0	14,9	12,0	12,4	13,0	12,3	5,1	0	40	3,6	3	5	2
26.8.	10,4	7,8	13,3	11,0	11,4	12,2	11,9	4,9	0	28	3,0	24	5	5
2.9.	10,6	8,2	13,6	10,2	10,6	11,2	11,4	5,2	0	35	4,0	53	7	6
9.9.	10,0	7,5	14,1	10,4	11,0	11,5	11,3	4,2	0	26	4,4	5	5	2
16.9.	10,8	8,6	13,5	10,4	10,6	11,1	11,1	5,8	0	18	4,5	70	6	6
23.9.	8,0	6,4	10,8	8,0	8,8	9,5	10,8	4,3	0	16	6,3	79	7	7
30.9.	5,9	4,3	10,4	6,7	7,3	7,9	9,8	0,2	0	33	4,9	45	6	5
7.10.	2,5	-0,8	5,8	3,5	4,1	5,1	8,8	-5,6	4	36	7,2	39	4	4
14.10.	4,9	2,5	9,0	4,6	5,0	5,6	7,7	-2,4	1	15	5,3	16	4	4
21.10.	1,7	-0,5	5,2	2,3	2,8	3,7	7,1	-5,7	5	22	3,8	18	4	4
28.10.	-1,0	-3,6	2,3	0,4	0,9	1,7	5,8	-8,9	6	18	5,2	21	4	4
4.11.	3,3	-0,4	5,1	0,0	0,4	1,1	4,6	-5,5	3	16	3,3	28	5	5
11.11.	4,5	3,0	7,8	3,1	3,1	2,9	4,3	-1,1	1	14	3,0	22	4	3
18.11.	3,1	-0,7	4,1	1,4	1,5	1,6	4,3	-6,5	3	0	5,3	41	6	4
25.11.	1,8	-0,8	4,5	1,1	1,5	2,0	4,0	-4,2	4	4	5,6	34	6	5
2.12.	-3,4	-6,1	0,4	-0,9	0,0	0,5	3,4	-11,9	7	10	7,1	4	3	1
9.12.	-0,3	-3,9	2,3	-0,7	-0,6	-0,1	2,9	-9,1	7	3	3,7	19	6	4
16.12.	-0,7	-4,2	3,1	-0,2	-0,3	-0,2	2,3	-9,5	7	1	2,7	59	6	6
23.12.	0,4	-2,9	2,0	-0,4	-0,3	-0,2	2,1	-8,7	6	0	3,7	36	7	4
31.12.	4,6	2,1	6,7	0,0	-0,1	0,0	1,9	-1,8	2	1	6,8	29	8	7
Mt./Σ	5,0	1,9	8,4	4,8	5,0	5,2	5,8	-2,0	143	1463	4,4	1165	231	176